

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/697****2020/EES/54/16**

frá 25. maí 2020

**um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/352 um að heimila hafnarstjórn eða lögbæru yfirvaldi möguleika á sveigjanleika að því er varðar álagningu hafnargrunnvirkjagjalda í tengslum við útbreiðslu COVID-19 faraldursins**

(Texti sem varðar EES) (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (1),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Útbreiðsla COVID-19 faraldursins hefur alvarleg og neikvæð áhrif á sjóflutninga. Hinar alvarlegu afleiðingar fyrir sjóflutningaþjónustu og notkun hafnargrunnvirkja hafa verið allsráðandi frá byrjun mars 2020 og munu líklega vara út árið 2020. Undanþága frá, tímabundin niðurfelling, lækkun eða frestun á greiðslu hafnargrunnvirkjagjalda gæti stuðlað að fjárhagslegri sjálfbærni rekstraraðila skipa við þessar sérstöku aðstæður.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 (2) er þess krafist að aðildarríkin tryggja að hafnargrunnvirkjagjöld séu lögð á. Í reglugerð (ESB) 2017/352 er ekki kveðið á um undanþágur frá skyldunni að leggja á gjöld.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 7. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. maí 2020 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 20. maí 2020.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 frá 15. febrúar 2017 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir (Stjtíð. ESB L 57, 3.3.2017, bls. 1).

- 3) Í ljósi þess hve afleiðingar COVID-19 faraldursins eru alvarlegar þykir rétt að heimila hafnarstjórninni eða lögbæra yfirvaldinu að ákveða að veita undanþágu frá, að fella niður tímabundið, lækka eða fresta greiðslu hafnargrunnvirkjagjalda, sem eru fallin í gjalddaga, fyrir tímabilið frá 1. mars 2020 til 31. október 2020. Þessi reglugerð ætti hins vegar ekki að raska skipulagi hafna í aðildarríkjunum. Því ættu aðildarríki að geta haldið rétti sínum til að setja reglur um slíkar ákvarðanir hafnarstjórnar eða lögbærs yfirvalds. Veita ætti slíka undanþágu frá, tímabundna niðurfellingu, lækkun eða frestun á greiðslu hafnargrunnvirkjagjalda á gagnsæjan, hlutlægan hátt og án mismununar.
- 4) Í ljósi þess hversu málefnið er brýnt er einnig rétt að heimila hafnarstjórninni eða lögbæra yfirvaldinu að víkja frá skyldunni, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/352, um að notendur hafnargrunnvirkis séu upplýstir um hvers konar breytingar á eðli eða fjárhæð hafnargrunnvirkjagjalda a.m.k. tveimur mánuður áður en breytingarnar taka gildi.
- 5) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að breyta reglugerð (ESB) 2017/352 til að bregðast við þeim brýnu aðstæðum sem skapast hafa við útbreiðslu COVID-19 faraldursins, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 6) Í ljósi hinna brýnu, sérstöku aðstæðna sem hafa skapast af völdum útbreiðslu COVID-19 faraldursins, sem réttlætir fyrirhugaðar ráðstafanir, einkum í því skyni að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir hraðar en ella til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni rekstraraðila skipa var talið viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum, sem um getur í 4. gr. bókunar 1, um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 7) Hin ófyrirsjáanlega og skyndilega útbreiðsla COVID-19 faraldursins og lagasetningarmeðferðin, sem krafist er til að samþykkja viðeigandi ráðstafanir, gerði það að verkum að ógerlegt var að samþykkja slíkar ráðstafanir í tæka tíð. Af þessum sökum ættu ákvæði þessarar reglugerðar einnig að gilda um hafnargrunnvirkjagjöld sem eru fallin í gjalddaga áður en reglugerðin öðlast gildi. Í ljósi þess hvers eðlis þessi ákvæði eru ætti slík nálgun ekki að leiða til brots á lögmætum væntingum viðkomandi aðila.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/352 til samræmis við það.
- 9) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/352:

„3. Þrátt fyrir 1., 3. og 4. mgr. 13. gr. er hafnarstjórninni eða lögbæra yfirvaldinu heimilt að ákveða að veita undanþágu frá, fella niður tímabundið, lækka eða fresta greiðslu hafnargrunnvirkjagjalda, sem eru fallin í gjalddaga, fyrir tímabilið frá 1. mars 2020 til 31. október 2020. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að slíkar ákvarðanir skuli uppfylla kröfurnar sem settar eru í því skyni í landslögum. Veita skal undanþágu frá, tímabundna niðurfellingu, lækkun eða frestun á greiðslu hafnargrunnvirkjagjalda á gagnsæjan, hlutlægan hátt og án mismununar.

Hafnarstjórnin eða lögbæra yfirvaldið skal tryggja að notendur hafna sem og fulltrúar eða fulltrúasamtök notenda hafna séu upplýst til samræmis við það. Tveggja mánaða tímafresturinn, sem um getur í 5. mgr. 13. gr., skal ekki gilda.“

##### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2020.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

D. M. SASSOLI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. METELKO-ZGOMBIĆ

*forseti.*

---